

# Fréttabréf

## Íslenska bútasaumsfélagsins

Útgefandi Íslenska bútasaumsfélagið, Barmahlíð 2, 105 Reykjavík  
1. tbl. 3. árgangur 2003

### Sýning í Jakobstad

Hér birtum við myndir af sýningu sem haldin var í Jakobstad í Finnlandi, en við sögðum frá henni í síðasta blaði. Þetta var 350 ára afmælisýning Jakobstad, og öllum vinabæjum Jakobstad á norðurlöndunum var boðin þátttaka. Garðabær er einn þessara vinabæja. Yfirskrift sýningarinnar var vinátta og máttu teppin mest vera einn meter á kant. Að öðru leyti höfðu þátttakendur frjálst val með útfærsluna.

Garðabæjarkonur voru svo heppnar að í sumar var einmitt komið að Garðabæ að halda vinabæjarmót og í tilefni af því kom hingað bútasaumskona frá Jakobstad sem gisti hjá Birnu Baldursdóttur. Hún heitir Denice Östman og hafði með sér teppi Garðabæjarkvennanna á sýninguna þegar hún snéri aftur heim.

Mikið var fjallað um sýninguna í fjölmiðlum í Jakobstad, enda voru teppin öll glæsileg og þótti aðstandendum sýningin takast vel.


*Ritnefnd*



Jóna Valgerður Höskuldsdóttir: Litir í ljósbroti stærð: 45x60 cm



Birna Baldursdóttir: Haust stærð: 52x52 cm



Fanney Davíðsdóttir: Vinkonur stærð: 50x65 cm

## Dagskrá félagsfunda vor 2003 í Safnaðarheimili Háteigskirkju

**Þriðjudagur 18. febrúar kl. 20:00**

Frásögn, myndir og teppi af sýningu í Finnlandi  
Spurningar og svör um vorsýninguna  
Bútahappdrættið: 20x20 cm vetrarlitir  
**Nýtt: Skiptumst á bútum:**  
**5 ljósir og 5 dökkir 4" bútar í pakka**  
Mætum með handavinnuna og nýjustu verk  
Hugmyndabankinn opinn - hvað viljum við?

**Þriðjudagur 18. mars kl. 20:00**

Fyrirlestur um Baltimore teppi  
Bútahappdrættið: 20x20 cm vor- og sumarlitir  
**Bútaskipti: 5 ljósir og 5 dökkir 4" bútar í pakka**  
Mætum með handavinnuna og nýjustu verk.  
Hugmyndabankinn opinn - hvað viljum við?  
*réttur áskilinn til breytinga á dagskrá*

## Kæru félagar.

Gleðilegt ár og takk fyrir það gamla.  
Þetta bréf færir ykkur fréttir af dagskrá næstu félagsfunda og auglýsingu um aðalfund. Sömuleiðis upplýsingar um norræna búta-  
saumsmótið í Osló.  
Af óviðráðanlegum ástæðum verður að flytja aðalfundinn fram í maí. Mjög erfitt er að fá sal í mars-apríl m.a. vegna ferminga. Gerðuberg reyndist vel í fyrra og var áhugi fyrir að vera þar aftur. Sýningarrými fyrir vorsýningu félagsins fékkst ekki fyrir en 10. maí og ekki þótti annað fært en sýning og fundur færu saman eins og áður, sérstaklega með utanbæjarfélaga í huga. Þar sem alþingiskosningar munu fara fram 10. maí flyst fundurinn til 17. maí, verður ekki haldinn á opnunardegi sýningarinnar.  
Rétt er að vekja athygli á því að í lögum félagsins segir að fundurinn skuli haldinn í mars-apríl ár hvert og að sjálfsgöðu ber að framfylgja lögum félags, en stjórnin áleit að framangreind rök styddu þessa ákvörðun um breytingu á fundartíma. Stjórnin mun leggja til að breyting verði gerð á lögum um aðalfund sem orðist þannig: að aðalfundur skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Þannig yrði tímasetning miklu sveigjanlegri.  
Um leið og ég óska öllum gleðilegra stunda í og með áhugamálinu, minni ég á bókasöfnin sem sum hafa útbúið handavinnuhorn fyrir okkur.

*Vorkveðjur, Margrét Ósk.*

# NORRÆNA BÚTASAUMSMÓTIÐ NORDISK QUILT TRÆF 2003

Eins og kunnugt er verður haldið samnorrænt búta-  
saumsmót / ráðstefna, Nordisk Quilt Træf dagana 28. maí til 1. júní n.k. Staðsetning: Rainbow Hotel Oslófjord, Sandviksveien 184, Sandvika, ekki langt frá Osló. Búta-  
saumsfélögin í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi standa að þessu móti, sem er haldið á þriggja ára fresti í löndunum til skiptis. Á mótinu eru haldin fjölmörg námskeið, en þau eru eingöngu fyrir félagsmenn. Gestir og gangandi geta hins vegar skoðaða margar sýningar og íslenskir gestir hafa heimild til að fara á fyrirlestra. Hvert land verður með sér sýningu. Helstu búta-  
saumsverslanir verða með sýningarbása og sölumarkaður verður nú í fyrsta sinn. Aðgangseyrir er 60 NOK á dag og 60 NOK á hvern fyrirlestur. Sjá heimasíðu norska félagsins [www.nqf.no](http://www.nqf.no) og danska [www.patchwork.dk](http://www.patchwork.dk).

Tvær stjórnarkonur ætla að fara á NQT og hafa kynnt sér verð á flugi og gistingu. Því miður er allt gistirými upptekið á ráðstefnuhótelinu sjálfu, en hægt er að fá ódýra gistingu í þriggja og fjögurra manna herbergjum (250-300 NOK m/morgunverði pr.nótt) á farfuglaheimili, sem er miðja vegu milli Oslo og Sandvika. Við höfum látið taka frá nokkur herbergi fyrir félagi í Ísl.bút. og þarf að staðfesta gistingu á síðasta lagi 20. febrúar.

Flugfarið kostar 30-35.000 ISK ef pantað er á netinu og er vissara að ganga frá því sem fyrst. Stjórnarkonurnar hafa pantað sér flug fimmtudaginn 29. maí kl. 7:30 til Osló og til baka heim sunnudaginn 1. júní kl. 22:30, ef einhver skyldi vilja verða samferða.

*Upplýsingar um gistinguna gefur Margrét Ósk í síma 551-8619, eða í tölvupósti [islbut@mi.is](mailto:islbut@mi.is).*


## Blokka- happdrætti

Á aðalfundinum verður blokkahappdrætti, og er meðfylgjandi mynd af blokkinni. Litaval er frjálst, en stærð blokkarinnar er 9" (9 1/2" með saumfari). Merkið blokkina að aftan með nafni á límmiða.  
Blokkir sem berast utan af landi skulu hafa borist stjórninni í Pósthólf 8066, 108 Reykjavík eigi síðar en 7. maí.  
Dregið verður í lok aðalfundarins.


### SKURÐUR



einn 4 3/4" bútur,  
skorinn horn í horn  
tvisvar sinnum




einn 4 3/4" bútur,  
skorinn horn í horn  
tvisvar sinnum




tveir 4 3/8" bútar,  
skornir horn í horn  
einu sinni



einn 3 1/2" bútur



fjórir 3 1/2" bútar



# Teppi handa hetju

Nú þegar hafa nokkrir góðir félagar Íslenska bútasaumsfélagsins tilkynnt að þeir ætli að sauma teppi og taka þátt í góðgerðarverkefninu Teppi handa hetju. Teppin sem berast munu verða sýnd á aðalfundinum þ.10. maí, en eftir fundinn verða teppin afhent Umhyggju, félagi til stuðnings langveikum börnum, og munu börnin sjálf fá að velja sér teppi. Langveik börn eru á aldrinum 0-18 ára.

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á að láta gott af sér leiða að taka þátt í verkefninu. Öll eigum við munaðarlausar blokkir í fórum okkar sem hægt er að nýta og gera listilega falleg teppi úr. Í síðasta blaði birtust upplýsingar um þær verslanir sem veita afslátt á efnum, vatti og bakhliðum á teppum sem eiga að fara í þetta verkefni. Þessi afsláttur fæst gegn skráningu hjá stjórnendum verkefnisins. Auk þess hefur verkefninu nú borist raunarleg gjöf frá aðstendum Við-Bótar. Konur þar á bæ bjóðast til að vattstinga 6 teppi, þátttakendum að kostnaðarlausu. Þurfa þau

teppi að hafa borist versluninni fyrir 15. mars. Biðjum við því áhugasama að hafa samband við og skrá sig hjá Dagbjörtu í s. 567-0064 eða tölvupóstfang [dagbgudm@mi.is](mailto:dagbgudm@mi.is). Fyrstur kemur, fyrstur fær.

Í tengslum við verkefnið Teppi handa hetju munu verða haldnir saumadagar á laugardögum í Hússtjórnarskólanum, Sólvallagötu 12 í Reykjavík. Þeir verða haldnir 22. febrúar, 29. mars, 12. apríl og 26. apríl, húsið opnar kl. 9. Tilgangur saumadaganna er að leyfa konum að koma saman og bera saman bækur sínar, miðla og þiggja af reynslu annarra. Á staðnum verða fulltrúar góðgerðarverkefnisins, en aðgangur er kr. 500. Kaffi er innifalið. Umsjónarmenn góðgerðarverkefnisins fara þess á leit við þátttakendur að teppum verði skilað 29. apríl. Vinsamlegast merkið þau með nafni/nöfnum þeirra sem sauma, ártali, svo og „Teppi handa hetju.“

*Með fyrirfram þökk, Dagbjört, Borghildur og Sólrún*

Sýning Íslenska bútasaumsfélagsins:

## ÍSLANDSTEPIÐ

### Skilafrestur framlengdur til 8. apríl

Ákveðið hefur verið að framlengja skilafrest vegna sýningarinnar í vor til 8. apríl. Þetta ætti að gefa fleiri áhugasömum félögum tækifæri til að hrinda í verk áformum um að skapa nýtt teppi með íslenskum blæ.

Áætlað er að sýningin opni laugardaginn 10. maí í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Þetta er reyndar kosningadagurinn, en það ætti ekki að koma að sök. Sjálfsagt fleira fólk á ferðinni þann dag ef eitthvað er.

Enn og aftur hvetjum við féлага til að taka þátt og senda inn teppi með séríslensku þema. Sjá nánar þáttökureglur hér að neðan.

### Vegleg verðlaun í boði fyrir besta teppið!

Okkur til mikillar ánægju hefur fyrirtækið Pfaff Borgarljós ákveðið að styrkja þetta sýningarátak félagsins og veita verðlaun fyrir besta teppið á sýningunni. Verðlaunin eru Pfaff Quilt Expression 2044 saumavél. Nánari upplýsingar um þessa vél er að finna á vefsíðunni: [www.pfaff.com](http://www.pfaff.com).

### Sýningarnefnd / dómnefnd

Í sýningarnefnd / dómnefnd verða tvær félagskonur auk undirritaðrar, fulltrúi Pfaff Borgarljós og fulltrúi frá Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

### Leiðbeiningar um þátttöku

Teppin skulu vera hugverk höfunda.

Allar aðferðir leyfilegar.

Hámarksstærð á teppunum skal vera 120x180 cm.

Teppin eiga að vera með slíðri efst á bakhlið sem rúmar stöng sem er 3 cm í þvermál.

Sendið mynd af einu eða fleiri teppum, en hafið aðeins eitt teppi á hverri mynd. Merkið hverja mynd með dulnefni og látið fylgja lokað umslag merkt dulnefninu sem inniheldur upplýsingar um höfundinn; nafn, heimilisfang, síma og netfang.

### Myndirnar sendast til:

Íslenska bútasaumsfélagið - SÝNING, Pósthólf 8066, 108 Reykjavík.

Myndirnar verða að hafa borist sýningarnefndinni í síðasta lagi 8. apríl 2003.

Allar nánari upplýsingar hjá undirritaðri í hs. 551-6686 eða [hannele@mi.is](mailto:hannele@mi.is).

*F.h. stjórnar og sýningarnefndar, Guðrún Hannele*

## Aðalfundur

Íslenska bútasaumsfélagsins verður haldinn í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi laugardaginn 17. maí 2003, kl. 13:00

**Dagskrá: Skýrsla stjórnar - Ársreikningur - Lagabreytingar - Stjórnarkosning - Önnur mál**

Stjórnin leggur til eftirfarandi lagabreytingar fyrir aðalfund 1. maí 2003.

Lagabreyting: Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert.

Ný málsgrein bætist inn í 5. grein:

Eigendur verslana og þjónustufyrirtækja á sviði bútasaums njóta ekki kjörgengis til stjórnar eða annarra trúnaðarstarfa fyrir félagið.



Eyravegi 37 - Selfossi - s:482-4241  
Brekku götu 9 - Akureyri - s:461-2241  
www.bot.is - netfang:bot@bot.is

- Vináttuklúbbur
- Námskeið
- Mánaðarteppi
- Netverslun

Nýjar bækur, ný efni, snið og aukahlutir.  
Sendum um allt land, fljótt og örugglega.

Lítið við í verslanir  
okkar á Selfossi,  
Akureyri  
eða á netinu.

www.bot.is

Nýtt  
Övissuteppi


Opið virka daga 10-18  
laugardaga 10-14

## NÁMSKEIÐ Í HÖNNUN MYNDA OG ÁSAUMSTÆKNI

Hefur þú áhuga á að sauma mynd af sumarbústaðnum, heimiliskettinum eða uppáhalds sumarblóminu?


Borghildur Ingvarsdóttir heldur námskeið í ásaumstækni þar sem kennt verður að hanna og sauma eigin mynd. Þátttakendur styðjast við ljósmynd eða teikna sjálfir fyrirmyndina.

Innifalið í námskeiðinu er:  
Undirbúningur myndarinnar  
Aðstoð við val á litum/efnum  
Ásaumstækni kennð.



Haldin verða eftirtalin námskeið:  
miðvikudaga 5., 12. og 19. mars,  
fimmtudaga 6., 13. og 20. mars,  
laugardaga 8., 15. og 22. mars.

Hafið samband í s. 565-6657 eða með  
tölvupósti [sigurpal@simnet.is](mailto:sigurpal@simnet.is).



# BÚTA SAUMS DAGAR

DAGANA 19. - 22. FEBRÚAR  
VERÐA ÝMIS TILBOÐ  
Í GANGI HJÁ VÖLUSTEINI.

## 25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÚTASAU MSEFNUM

## 2 FYRIR 1

ÚRVAL BÚTASAU MSEFNA Á 2M FYRIR 1M  
(GREITT FYRIR DÝRARA EFNID)

ÖLL SNIÐ Á 2 FYRIR 1  
(GREITT FYRIR DÝRARA SNIÐIÐ)

 **VÖLUSTEINN**  
fyrir fima fingur

Mörkinni 1 • 108 Reykjavík • Sími 588 9505  
[www.volusteinn.is](http://www.volusteinn.is)